

**Bekkur:** 10. bekkur

**Námsgrein:** Danska

**Kennari:** Anna Birna Gunnlaugsdóttir

**Tímafjöldi:** 4 tímar á viku



**Námsgögn:** Ekko lesbók og vinnubók, málfræðiverkefni, Kjörbækur undir handleiðslu kennara. Kvikmyndir og tónlist, ýmis verkefni af netinu og önnur verkefni frá kennara.

**Lykilhæfni:**

*Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.*

*Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.*

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><li>sýnt fram á að hann skilur fyrirhafnarlítið talað mál um almenn málefni í kunnuglegum aðstæðum og þekkir mismunandi leiðir til að auka skilning sinn</li><li>tileinkað sér aðalatriði úr frásögnum sem eru innan áhuga-, náms-, og þekkingar-sviðs hans, sagt frá og unnið úr</li><li>hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og unnið út frá þeim</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Hlustunaræfingar eru í Ekko verkefnabók</li><li>Nemendur taka þátt í samræðum í kennslustundum um efni sem bæði tengist þeim persónulega og námsefninu sem fjallað er um að hverju sinni, þar þurfa þeir að tjá sig, hlusta á aðra og sýna leikni í samskiptum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Hlustunarpróf verður lagt fyrir, einnig er hlustun hluti af yfirlitsprófi</li></ul>
Lesskilningur	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><li>fylgst með aðgengilegu efni í fjölmiðlum og dagblöðum, sagt frá og unnið úr</li><li>lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með fjölbreyttum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.</li><li>aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriðin frá aukaatriðunum og nýtt í verkefnavinnu</li><li>lesið sér til fróðleiks rauntexa úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni sem varðar líf hans og unnið úr þeim upplýsingum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Leitast er við að nemendur lesi fjölbreytta texta, úr lesbók, smásögur og kjörbækur sem er unnið með í gegnum lestur, talað mál, hlustun og ritun</li><li>Kvikmyndir og tónlist verða einnig notuð í sama tilgangi</li><li>Unnið verður á ýmsa vegu með texta og myndir af netinu t.d. með því að nemendur haldi stuttar kynningar eða tjái sig um málefni sem tengjast þeim</li><li>Nemendur munu nýta sér Ípad við vinnslu verkefna</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Lesskilningur er metinn í styttri könnunum og í yfirlitsprófi</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið sér til gagns og ánægju smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra</li> <li>• lesið efni sem tengist öðrum námsgreinum, skilið hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi</li> </ul>		
Samskipti	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur, beitir nokkuð réttu máli, framburði, áherslum og hrynjanda</li> <li>• beitt viðeigandi kurteisisvenjum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra</li> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um nokkuð þekkt viðfangsefni</li> <li>• notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur taka þátt í samræðum í kennslustundum um efni sem bæð tengist þeim persónulega og námsefninu sem fjallað er um hverju sinni þar sem þeir þurfa bæði að tjá sig, hlusta á aðra og sýna leikni sína í samskiptum</li> <li>• Viðfangsefni eru rædd í kennslustund, þar sem nemendur taka virkan þátt í samræðum við kennara og samnemendur</li> </ul>	Munnlegt próf er hluti af námsmati.
Ritun	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað samfelldan, skipulegan og viðeigandi texta þ.e. ritgerðir, endursögn, sögur, formlegan og óformlegan texta</li> <li>• skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við</li> <li>• tjáð sig um skoðanir, tilfinningar, reynslu og þekkingu</li> <li>• leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ritunarverkefni verða jafnt og þétt yfir veturinn með það að markmiði að nemendur æfist í réttri ritun samkvæmt stafsetningar- og málfræðireglum</li> <li>• Ritunaverkefni verða ýmist í formi upplesinna stíla, ritunar á eigin hugsmíðum, þýðinga og stuttra útdráttar / endur-sagna úr lesnum sögum</li> <li>• Nemendur nýta sér að miklu leyti Google Docs við ritunarvinnu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kjörbókarverkefni, endursagnir og styttri verkefni. Einnig eru lögð fyrir ritunarpróf</li> </ul>

**Lokanámsmat:**

Prófað verður í lesskilningi, ritun, munnlegri færni og hlustun, ásamt málfræðiprófum.

